

Alþingi
Erindi nr. P 131/780
komudagur 7.2.2005



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4. 150 Reykjavík
sími: 545 9500. bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
menntamalaraduneyti.is

Menntamálanefnd Alþingis
Gunnar I. Birgisson, formaður
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 3. febrúar 2005

Tilvísun: MMR04110080/10.10.26/ÍS/--

Vísað er til umræðu um afnám laga nr. 53/2002 um Tækniháskóla Íslands á fundi menntamálanefndar Alþingis 2. febrúar sl.

Í framhaldi af fundinum vill menntamálaráðuneytið áréttta að ráðuneytið hafði sl. haust frumkvæði að viðræðum við forsvarsmenn Háskóla Íslands og stjórn hins sameinaða háskóla um fyrirkomulag kennslu í meinatækni (lífeindafræði) og geislafræði. Í kjölfar þess hefur það orðið að samkomulagi og ráðuneytið ákveðið að í haust hefjist kennsla við læknadeild Háskóli Íslands í umræddum námsgreinum, sem til þessa hafa verið kenndar í Tækniháskóla Íslands. Þeir nemendur, sem þegar stunda nám í þessum greinum við Tækniháskólann, munu ljúka námi sínu við nýjan sameinaðan háskóla. Fer þessi flutningur því fram í fullu samræmi við báða skólana og er það í samráði við eindreginn vilja viðkomandi fagfélaga.

Menntamálaráðuneytið vill einnig taka fram að í samræmi við hjálagða viljayfirlýsingu um stofnun einkahlutafélags er taki yfir starfsemi Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands frá 19. október sl., sem undirrituð er af menntamálaráðherra, f.h. ríkisstjórnar Íslands, og f.h. Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Sjálfseignarstofnunar Verslunarráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV), er stofnað til hins sameinaða skóla í því markmiði að auka áhuga ungs fólks á raunvísinum og tæknigreinum og tryggja að gæði menntunar á þeim sviðum standist alþjóðlegan samanburð. Í yfirlýsingunni kemur einnig fram að boðið verði upp á nám í þeim greinum sem skólarnir hafa boðið, bæði á grunnstigi til BA- og BS-prófs og á framhaldsstigi. Er að því stefnt að framboð í tæknigreinum verði eflt og aukið á komandi árum.

F.h.r.

Guðmundur Árnason

Sólrún Jensdóttir